

# Leiðbeiningar

## um skyldu flugrekenda vegna COVID-19 í millilandaflugi

Leiðbeiningar þessar byggja á nýrri reglugerð um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi sem tekur gildi frá og með 5. júní 2021 kl. 00:00 að alþjóðlegum staðaltíma (UTC) og gildir til 31. desember 2021 kl. 23.59 að alþjóðlegum staðaltíma (UTC).

### Gildissvið

Reglugerðin gildir um flugrekendur/umráðendur loftfara og farþega með loftförum í millilandaflugi til íslensks yfirráðasvæðis, að undanskildum loftförum í yfirflugi, loftförum í flutningaflugi með farm, loftförum í neyð og loftför sem eiga viðkomu án þess að farþegar fari frá borði.

### Skylda flugrekenda/umráðanda loftfars

Flugrekanda/umráðanda loftfars ber að kanna, áður en farþegi fer um borð í loftfar, hvort farþegi hafi:

- fullnægt skyldu til [forskráningar](#) og
- hafi tilskilið vottorð:
  - [um ónæmisaðgerð/bólusetningu vegna COVID-19 \(SARS-CoV-2\)](#) eða
  - [um að COVID-19 \(SARS-CoV-2\) sýking sé afstaðin](#) eða
  - [staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu prófs gegn COVID-19 \(SARS-CoV-2\)](#)

Enda hafi slík skylda verið lögð á farþega á grundvelli sóttvarnarlaga sbr. [vef embættis landlæknis](#).

*Sjá fylgiskjöl, gátlista sem aðstoða við að skoðun ofangreindra gagna.*

[I. Gátlisti – vottorð um ónæmisaðgerð/bólusetningu vegna COVID-19 \(SARS-CoV-2\)](#)

[II. Gátlisti – vottorð um að COVID-19 \(SARS-CoV-2\) sýking sé afstaðin](#)

### Könnun vottorða

Skyldur flugrekenda/umráðenda loftfara til að kanna hvort farþegi hafi framangreind vottorð eða staðfestingu, ná aðeins til þess að:

- staðreyna nafn farþega á vottorði eða staðfestingu og
- staðreyna gildis- og útgáfutíma skjals (ef við á) og
- kanna hvort vottorð eða staðfesting beri með sér yfirbragð þess að vera vottorð eða staðfesting í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda.

### Synjun farþega um flutning

Geti farþegi ekki framvísað vottorði eða staðfestingu skv. framangreindu ber flugrekanda/umráðanda loftfars að synja farþega um flutning. Skyldan til að synja farþega um flutning tekur ekki til íslenskra ríkisborgara.

Synjun felur ekki í sér neitun um far á grundvelli 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 261/2004, sbr. reglugerð um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum, nr. 1048/2012.

### **Stjórnvaldssekt Samgöngustofu**

Samgöngustofa getur lagt stjórnvaldssekt á einstakling eða lögaðila eins og hér segir:

- a. Brot gegn skyldu til að kanna hvort farþegi hafi tilskilið vottorð eða staðfestingu varðar stjórnvaldssekt kr. 200.000 fyrir hvert brot vegna sérhvers farþega.
- b. Brot gegn skyldu til að synja farþega um flutning varðar stjórnvaldssekt kr. 200.000 fyrir hvert brot vegna sérhvers farþega.

Ákvörðun Samgöngustofu um stjórnvaldssekt skal tilkynnt á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Gera má lögaðila sekt fyrir brot skv. reglugerðinni óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekið fyrirsvarsfólk lögaðilans, starfsfólk hans eða annan aðila sem starfar á vegum hans.

### **Málsmeðferð og kærueimild**

Ákvörðun um stjórnvaldssekt má skjóta til ráðherra samkvæmt stjórnarsýslulögum. Málsmeðferð fer að öðru leyti skv. lögum [nr. 41 um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum \(skyldur flugrekenda vegna COVID-19\)](#) og [reglugerð um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugum](#).